

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Elísabetar Ránar Andrésdóttur, nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. nóv. 2007

**Umsögn um: frumvarp til laga um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks. (135. löggjafarþing 2007-2008. Þskj. 6 - 6. mál.)**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi telja það ekki vera í þágu unga fólksins í landinu að ofangreint frumvarp verði samþykkt. Ef sala léttvins og bjórs verður leyfð í smásölu mun verða auðveldara fyrir unglunga að nálgast það.

Öllum ætti að vera ljós sú ógn sem börnum og unglungum stafar af áfengi og sú ógn mun aðeins aukast með auknu aðgengi. Fjöldi rannsókna sýna að aukið aðgengi að áfengi eykur neyslu þess. Þessar rannsóknir má sjá á heimasíðu Lýðheilsustöðvar.<sup>1</sup>

Skýrslan *Áfengi og önnur vímuefni: ýmsar tölulegar upplýsingar frá árinu 2003*<sup>2</sup> hefur að geyma fjölbreyttar upplýsingar sem gefa hugmynd um áfengis- og vímuefnaneyslu á Íslandi og skaðsemi af völdum hennar frá mismunandi hliðum. Samkvæmt skýrslunni er algengt að nota áfengissölu sem mælikvarða á heildarneyslu áfengis og breytingar á henni. Fram kemur að áfengissala felur í sér vísbendingar um sambandið á milli breytinga á heildarneyslu og áfengismisnotkunar sem hefur ýmis skaðleg áhrif í för með sér. Hagstofa Íslands skráir árlega áfengissölu og í skýrslunni kemur fram hvernig sala á gjaldskyldu áfengi hefur þróast á Íslandi síðustu 30 árin. Áfengissala jókst hægt og sígandi fram til 1989 en þá tók hún tímabundið stökk í kjölfar þess að sala bjórs var leyfð í landinu. Síðan dró aftur úr sölu, en frá 1993 hefur hún vaxið jafnt og þétt og árið 2002 var áfengissalan komin í sex og hálfan lítra af hreinum vínanda á hvern íbúa 15 ára og eldri. Skýringar á þessari aukningu eru taldar nokkrar en ein þeirra er aukið aðgengi að áfengi.

Í umræddri skýrslu kemur einnig fram munur á áfengiskaupum á milli landshluta. Þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu verja að jafnaði meira fé til áfengiskaupa en þeir sem búa annars staðar á landinu. Hugsanleg skýring á þessum mun er talin sú að meira aðgengi er að áfengi í Reykjavík.

Í skýrslunni kemur einnig fram að færst hefur í aukana að unglingar undir tvítugu komi í meðferð á Vog. Árið 1991 var hlutfall 20 ára eða yngri 7% en tíu árum síðar var hlutfall þeirra orðið 16%.

Byggt á framangreindum rannsóknum og niðurstöðum mæla Barnaheill gegn því að leyfð verði sala á léttvíni og bjór í matvöruverslunum.

B-liður 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins kveður á um að starfsmenn sem afgreiði áfengi megi ekki vera yngri en 20 ára. Barnaheill setja stórt spurningarmerki við framkvæmd þessa ákvæðis þar sem stór hluti starfsfólks í matvöruverslunum í dag eru ungmenni yngri en 18 ára.

Flutningsmenn frumvarpsins varpa því fram að þar sem einkaaðilum er treyst til að framfylgja reglum um lágmarksaldur til að kaupa tóbak, afhverju ætti þá ekki hið sama að gilda um sölu

<sup>1</sup> <http://www.lydheilsustod.is/utgafa/baekur-baeklingar-listar-rit/afengi-og-vimuvarnir/>

<sup>2</sup> <http://www.lydheilsustod.is/media/afengi//afengiogonnurvimuefni2003.pdf>



# Barnaheill

Save the Children Iceland

áfengis. Því miður hefur það oft sýnt sig að einkaaðilum hefur ekki tekist að framfylgja þessari reglu um tóbakssölu. Til að styðja þessa fullyrðingu má vísa í könnun sem forvarnarnefnd Hafnarfjarðar lét gera þann 14. maí 2007.<sup>3</sup>

Í henni kemur fram að í 28% tilfella gátu unglingarnir keypt tóbak og að af 25 sölustaðum seldu 7 staðir unglingunum tóbak.

Tveir 15 ára unglingar úr 10. bekk fóru á sölustaði undir eftirliti starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar. Sjö sölustaðir seldu unglingunum tóbak. Á einum staðnum þar sem sölumaður vildi ekki selja þeim tóbak vegna þess að þeir gátu ekki sýnt skírteini, vorkenndi sölumaðurinn ungu kaupendunum svo mikið að hann gaf þeim sitt hvora sígarettuna úr eigin birgðum. Farið var á 25 sölustaði sem selja tóbak í Hafnarfirði.

Barnaheill hafa áhyggjur af því að það sama verði uppi á teningnum þegar kemur að sölu léttvins og bjórs í matvöruverslunum og hefur verið með tóbak eins og þessi könnun sýnir.

Þess má geta að Barnaheill leitaði álits sex ungmenna frá ungmennaráði Hafnarfjarðar í 8.-10. bekk grunnskóla um það hvort þeim þætti rétt að matvöruverslanir myndu hefja sölu á léttvíni og bjór. Það var einróma álit þeirra að svo væri ekki, þar sem það myndi auðvelda aðgang unglunga að áfengi og þar með verulega auka hættu á aukinni neyslu.

Barnaheill telja mikilvægt að stjórnvöld geri allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir að börn og unglingar á Íslandi ánetjist áfengi og telja samtökin að samþykkt frumvarpsins gangi gegn hagsmunum barna og ungmenna á Íslandi.

Virðingarfyllst,

Petrína Ásgeirsdóttir,  
framkvæmdastjóri Barnaheilla.

<sup>3</sup> [http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/nanar\\_forsidu/?cat\\_id=3&ew\\_0\\_a\\_id=8571](http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/nanar_forsidu/?cat_id=3&ew_0_a_id=8571)